

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 2.5	Mótt. af Grjó	Mótt. d. 27 MAI 2015
Áb.m. SH	Úrv.aðili SH	Afrit SH
Símtal	Tölvup.	Fax
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1411073		



Skóla- og frístundaráð

b/t Svölu Hreinsdóttur

Akraneskaupstaður

Stíllholt 16-18, 300 Akranesi.

Akranesi 26. maí 2015

**Varðar: tölvukaup**

Með vísan til nýrra kjarasamninga grunnskólakennara og breyttra vinnuaðstæðna í skólanum óska ég hér með eftir fjárheimild til kaupa á fartölvum. Eins og þið sjálfsagt vitið eru kennslustofur yngsta stigsins uppteknar eftir að kennslu lýkur á daginn undir skóladagvistina okkar. Það veldur ákveðnum vanda varðandi vinnuaðstæður kennara á stiginu. Með kaupum á fartölvum og notkun þeirra gerum við ráð fyrir að mæta þeim vanda svo vel megi við una. Rætt hefur verið við umsjónarkennara stigsins um ákveðna leið í því sambandi en til þess að hún gangi upp þarf skólinn að eignast fleiri fartölvur.

Sótt er í tækjakaupasjóð um fjárheimild til kaupa á samtals átta fartölvum. Áætlaður kostnaður er 720.000,- krónur.

Með góðri kveðju og von um jákvæðar undirtektir.

*Hrönn Ríkhardsdóttir*  
Hrönn Ríkhardsdóttir, skólastjóri.



**Grundaskóli**  
Skólastjóri